

Saga stuttermabolsins

Í bókinni *Ferðalag stuttermabolsins um hagkerfi heimsins* segir Pietra Rivoli, prófessor í hagfræði við Georgetown-háskólann, áhugaverða sögu um uppruna stuttermabols sem hún keypti á ferðalagi í Flórída.

Bolinn umrædda keypti Rivoli á 6 bandaríkjadali. Hann er merktur fyrirtækinu „Sherry manufacturing“, sem hefur aðsetur í Miami en kaupir boli frá Mexíkó, El Salvador, Bangladesh, Kína, Pakistan og Botswana og prentar á þá suðrænar myndir sem falla ferðamönnum í geð. Það var Xu Zhao Ming, eigandi Shanghai knitwear, sem seldi bolina til Sherry manufacturing og Rivoli mælti sér mót við Ming næst þegar hann átti leið til Washington, þar sem Rivoli er búsett. Ming tók vel í hugmynd Rivoli þegar hún sagðist vilja fræðast um bolinn og rita sögu hans. „Komdu til Kína og ég sýni þér allt.“ Rivoli sagðist vilja alla söguna; gæti hann sýnt henni hvar bolirnir eru saumaðir? Hvar efnið er ofið og hvar garnið sem er notað til að sauma saman bolina er framleitt? Ming hélt að það yrði nú ekki vandamál. En hvað með bómullina? Kína er einn stærsti bómullarframleiðandi í heimi. Gæti hún heimsótt ræktunarsvæðið? Ming sagði henni þá að bómullin væri ræktuð mjög fjarri Kína, nefnilega í Texas. Rivoli ákvað því að hefja ferðalagið þar.

„Bómullarlegasta“ borg í heimi

Lubbock, sem er í vesturhluta Texas, er að sögn heimamanna „the cottonest city in the world.“ Griðarmikið ræktunarland umkringir borgina og 25% af allri bómull sem ræktuð er í Bandaríkjunum hefur þar viðkomu. Þar er stærsta bómullarsamvinnufélag í heimi og ein stærsta baðmóliuverksmiðja (cottonseed oil mill) í heimi. Bændurnir á svæðinu hafa mikla þekkingu á bómullarrækt og njóta náinnar samvinnu við háskóla og rannsóknarsetur á svæðinu, s.s. Texas Tech-háskólann sem er leiðandi í rannsóknum á bómull. Bandaríska landbúnaðarráðuneytið hefur lagt sitt af mörkum með styrkjum til þróunar og nýsköpunar í bómullargeiranum.

Háþróaðar bómullarrannsóknir

The Plains Cotton Cooperative Association (PCCA) er samvinnufélag bómullarbænda á svæðinu og það hefur markvisst unnið að því að bæta gæði bómullarinnar en lengi vel þótti bómullin frá vesturhluta Texas ekki góð að gæðum. Áður voru gæði bómullarinnar metin með því að kaupandi greip handfylli af bómull en í dag eru notaðar háþróaðar aðferðir þar sem tölvur og smásjár leika stærsta hlutverkið. PCCA sér um að selja bómullina fyrir bændurna á svæðinu og notar meðal annars rafrænt sölutorg (TELECOT) sem gefur seljendum um allan heim færi á að geta nálgast allar nauðsynlegar upplýsingar um bómullina á netinu.

Drottna á bómullarmarkaði

Bandaríkin hafa náð að halda heimsyfirráðum á bómullarframleiðslu í meira en 200 ár, en hvernig hefur þeim tekist að ná þessu

forskti? Svárið liggur að hluta í þeirri staðreynd að ræktendum í Bandaríkjunum hefur tekist, með dyggri aðstoð yfirvalda, að bægja allri markaðsáhættu frá og takmarka samkeppni í stað þess að taka þátt í henni. Árið 1791 var bómullarframleiðsla í Bandaríkjunum óveruleg eða um þúsund tonn á ári meðan Asia framleiddi um 200.000 tonn. Á einum áratug jókst framleiðslan í Bandaríkjunum tuttuguogfimmfalt og um 1860 var ársframleiðslan komin upp í meira en 500.000 tonn. Á árunum 1815 til 1860 mátti rekja um helming útflutningstekna Bandaríkjanna til bómullar og meira en 70% af framleiðslunni var flutt út, aðallega til Englands þar sem eftirspurnin var mest. Á stuttum tíma náðu Bandaríkin yfirburðastöðu á bómullarmarkaði og halda henni enn í dag.



Bómullarræktun verður að teljast nokkuð áhættusöm. Bómullin má hvorki verða of heit né of köld. Plantan er viðkvæm fyrir of miklu vatni en þrífst líka illa fái hún of lítið vatn og hún er of viðkvæm til að þola hagléi og slagveður. Bómullarplantan er mjög viðkvæm fyrir illgresi og skordýrum og þá er verð á afurðinni mjög breytilegt.

Þrælalald

Bómullarræktendur í Bandaríkjunum hafa aldrei viljað treysta á frjálstan vinnumarkað og hafa beitt ýmsum brögðum til að komast hjá því að þurfa að semja um kaup og kjör verkafólks eins og tíðkast í öðrum geirum. Þrælalald var fyrsta „opinbera stefnan“ sem gekk út á að tryggja hag bómullarbænda og vernda þá gegn samkeppni. Vinna á bómullarökkrum er líkamlega erfið og bómullarplantan krefst mikillar umönnunar. Veðrið getur hæglega sett strík í reikninginn og því gátu ræktendur illa áætlað þörfina fyrir vinnuafli fram í tímann. Ef rigndi mikið gat þurft að fjarlægja illgresi sex sinnum sem gat þýtt að helmingi fleira starfsfólks þurfti til. Þegar kom að uppskerutíma skipti veðrið sköpum. Ekki er hægt að tína bómullina blauta og eftir rigningu geta liðið 3 til 4 dagar áður en hún er orðin þurr. Um leið og bómullin er opin og þurr þarf að tína hana hið fyrsta. Þegar kom að uppskeru vantaði öll bómullarbyli á svæðinu vinnuafli á sama tíma. Það hugnaðist því ekki bændum að reiða sig á frjálstan vinnumarkað. Ræktendur sem héldu þræla náðu fljótt yfirburðum því þeir gátu stækkað ræktunarlandið og náð meiri afköstum.

Apar og gæsir til aðstoðar

Eftir að þrælalaldi lauk gátu bændur ekki treyst því að hafa mannafla til umráða þegar á þurfti að halda. Menn dóu þó ekki ráðalausir og fluttu inn apa frá Brasilíu og reyndu að kenna þeim að týna bómullina. Dýrin reyndust ósamvinnuþýð. Gæsum var beitt á akrana til að vinna á illgresinu en ekki var hægt að koma í veg fyrir að gæsirnar trömpuðu á bómullarplöntunum og einnig kom í ljós að gæsirnar voru ekki ónæmar fyrir eitrunu sem ætlað var skordýrum.

Innflutt vinnuafli

Svokölluð Braco-áætlun var samþykkt árið 1942 en hún heimilaði verkafólki frá Mexíkó að vinna tímabundið við landbúnaðarstörf. Yfirvöld sáu til þess að bómullarræktendur hefðu vinnuafli þegar þeim hentaði og launin voru ákveðin fyrirfram þannig að bómullarræktendur þyrftu ekki að yfirbjóða hver annan og keppa um starfsfólk. Þessi áætlun var við lýði til 1964 en þá hafði tæknivæðingin rutt sér til rúms og gert að verkum að 90% af bómullaruppskeru voru týnd með vélknúnum tækjum. Nær alls staðar annars staðar í heiminum er bómullin enn þann dag í dag handplokkuð.

Bómullin nýtt til hins ítrasta

Rivoli heimsótti býli í nágrenni Lubbock sem ræktar árlega 11 tonn af bómull en einungis 2,6 tonn flokkast þó sem hrein bómull. Engu er hent í dag því með tækniframförum hefur tekist að nýta alla bómullina til hins ítrasta. Bómullarfræin voru áður fyrir aðallega notuð sem áburður og fôður en í dag er unnin olía úr fræjunum. Olían er notuð í matargerð og þykir mjög góð til djúpsteikingar en er einnig notuð í sápur og hreinsiefni ýmiss konar. Hratíð er notað í dryfafôður og hefur sérstaklega reynst vel í fiskeldi.



Baðmólía mun henta einkar vel til að djúpsteikja franskar kartöflur.

Veglegir ríkisstyrkir

Allt frá upphafi hafa bómullarbændur í Bandaríkjunum getað treyst á pólitíska velvild og komist hjá því að keppa á fjálsfum markaði. Þeir hafa líka átt vini í mikilvægum embættum og má þar helst nefna George W. Bush, sem var fylkissjóri í Texas áður en hann tók við forsetaembættinu. Örlæti í garð bómullarræktenda náði hámarki með búvörusamningnum sem samþykktur var 2002 en þá fengu bómullarræktendur mun hærra styrki en ræktendur soja, maís og hveitis. Samningurinn tryggði bændum að lágmarki 72,24 cent fyrir pundíð af bómull á meðan heimsmarkaðsverðið var 38 cent.

Styrkir á styrki ofan

Vefnaðarvöruframleiðendur í Bandaríkjunum vilja eðlilega kaupa bómull á sem hagstæðustu verði á sama tíma og bandarískir bómullarbændur vilja fá sem hæst verð fyrir bómullina. Svokallað

„Step 2“ styrkjakerfi gekk út á að sætta þessi ólíku sjónarmið. Til að vernda innlenda ræktun var innflutningur á bómull takmarkaður og yfirvöld borguðu textílfraðleiðendum fyrir að kaupa bandaríska bómull. Þannig var komið í veg fyrir innflutning frá öðrum löndum. Útflutjendur gátu einnig fengið útflutningsstyrki til að vera samkeppnishæfari á markaði. Búvörusamningurinn verndaði einnig bómullarbændur fyrir margvíslegri áhættu sem aðrar greinar þurfa að búa við. „The crop disaster program“ endurgreiðdi bændum fyrir tap sem þeir urðu fyrir vegna óvenjulegra veðurskilyrða og „Farm loan program“ sá bændum fyrir lánsfé frá ríkinu sem þeir hefðu annars ekki fengið hjá lánveitendum á einkamarkaði. Áhættunni var með öðrum orðum velt yfir á bandaríska skattgreiðendur.

Fátæk lönd berja í borðið

Góðgerðarsamtökin Oxfam hafa bent á hið mikla forskot sem Bandaríkin hafa í krafti opinberra niðurgreiðslna. Á fundi Alþjóðavíðskiptastofnunarinnar í Cancun í Mexíkó árið 2003 kröfðust nokkur státar ríki, s.s Burkina Faso og Benin, þess að Bandaríkin létu af ríkisstyrkjum til bómullarframleiðslu enda ómögulegt að keppa við ríkisstyrkta framleiðslu. Þessi ríki bentu á að Bandaríkin gætu ekki þótt vera boðberi frjálsra viðskipta á sama tíma og þau veittu griðarháum styrkjum til bómullarræktunar og skekktu með því alla samkeppni. Samningaviðræður runnu út í sandinn en Bandaríkin sögðust ætla að taka á þessum málum af alvöru í samningaviðræðunum í Doha. Eins og kunnugt er runnu þær viðræður einnig út í sandinn.

Frumstæð skilyrði í fátækum löndum

Rivoli telur þó að ríkisstyrkir einir og sér útskýri ekki það mikla forskot sem Bandaríkin hafa á önnur lönd. Jafnvel þótt ríkisstyrkir væru lækkaðir eða afnumdir myndi það ekki breyta þeim erfiðu og frumstæðu aðstæðum sem ræktendur í Indlandi, Pakistan, Vestur-Afríku og Kína búa við. Bómullarbændur í Bandaríkjunum hafa mikla þekkingu á sínu fagi, þeir vinna náið með fyrirtækjum og háskólum að þróun og rannsóknum og þeir njóta stuðnings og verndar stjórnvalda. Þeir keppa við bændur í löndum þar sem stjórnvöld megna ekki einu sinni að sinna grunnnámi þegna sinna. Í Vestur-Afríku eru svo til allir bændur ólæsir og þeir hafa þar af leiðandi enga þekkingu á því að meðhöndla varnarefni og áburð. Börnin eru jafnvel send berfætt á akrana til að dreifa eitrunu. Í Vestur-Afríku er bómull skipt í tvo flokka, A og B, og verð er ákveðið af yfirvöldum einu sinni á ári. Það er enginn hvatí fyrir ræktendur að leggja áherslu á aukin gæði og engin þróun í gangi. Í sumum tilfellum sjá stjórnvöld um að dreifa fræjum og varnarefnum til bænda en það getur verið allur gangur á því hvort og hvenær birgðirnar berast til bændanna. Samtökin sem sjá um að selja bómullina eru að mestu leyti í eigu yfirvalda, þar af 30% í eigu franska ríkissins. Stjórnvöld hafa því afskipti af bómullarræktuninni en ekki með jafn árangursríkum hætti og tíðkast í Bandaríkjunum.

Ójafn leikur

Bómullarbændur á Andra Pradesh svæðinu á Indlandi misstu alla uppskeruna vegna ormaplágu árið 2000. Bændurnir fengu eitrefni til að berjast við ormana en það voru röng efni með röngum leiðbeiningum sem bændurnir gátu hvort eð er ekki lesið. Öll uppskeran eyðilagðist og eitrið sem sprautað hafði verið á ormana án árangurs olli miklum heilsufarsvandamálum meðal íbúa á svæðinu. Um svipað leyti misstu bændur í nágrenni Lubbock í Texas uppskeruna í vegna haggléls. Þeir misstu þó ekki svefn vegna þessa enda vel tryggðir fyrir slíkum áföllum.

Frá Texas lá leið Rivoli til Kína þar sem bolurinn var saumaður. Sagt verður frá því í næsta blaði.